

Sýklalyfjaávísanir utan sjúkrahúsa á Íslandi – stefnum við í öfuga átt?



Anna Margrét Halldórsdóttir

yfirlæknir á sóttvarnasviði, Embætti landlæknis



Jón Steinar Jónsson

yfirlæknir á Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu

Pann 18. nóvember ár hvert minnir sóttvarnastofnun Evrópu á mikilvægi sýklalyfja (European Antibiotic Awareness Day). Sama dag hefst vika vitundarvakningar um sýklalyfjanotkun á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Sýklalyfjaónæmi er vaxandi vandamáli á heimsvísu sem ógnar virkni sýklalyfja og þar með nútíma lækisfræði. Skynsamleg notkun sýklalyfja er mikilvægt atriði til þess að stemma stigu við frekari þróun sýklalyfjaónæmis í heiminum. Aukin áhersla hefur verið á alþjóðasamstarf á þessu sviði undanfarnir ár enda telst sýklalyfjaónæmi ein mesta

heilbrigðisógn sem steðjar að mannkyni í dag.

Á tíma COVID-19 faraldursins urðu talsverðar breytingar á ávísunum sýklalyfja hér á landi miðað við fyrri ár. Árið 2020 fækkaði ávísunum verulega frá og með aprílmánuði (mynd) en árið 2021 fjölgaði þeim á ný, sérstaklega síðari hluta ársins.¹⁻³ Svipuð þróun hefur sést erlendis, til dæmis í Svíþjóð. Samkomutakmarkanir kunna að hafa stuðlað að fækkun öndunarfærasykinga almennt og þar með fækkun sýklalyfjaávísana á fyrsta ári faraldursins.

Mestar breytingar urðu hjá börnum undir 5 ára aldri en ávísunum til þeirra fækkaði um þriðjung á milli árunna 2019 og 2020 (úr 915 niður í 699 ávísanir/1000 íbúa/ári). Ávísunum fjölgaði aftur árið 2021 og varð heildarfjöldinn þá enn hærri en 2019 (1017 ávísanir/1000 íbúa/ári).⁴

Því miður virðist sem aukningin síðla árs 2021 haldi áfram það sem af er þessu ári því heildarfjöldi ávísaðra dagskammta sýklalyfja var sambærilegur eða hærri mánuðina mars til september 2022 en sömu mánuði árið 2019 (mynd). Því eru teikn á lofti um að jákvæð þróun í sýklalyfjaávísunum síðustu ár hafi verið tímabundin.


Þessi þróun er að sjálfsögðu áhyggju-

efni, ekki síst þegar haft er í huga að ávísanir á sýklalyf eru mun fleiri hér en á hinum Norðurlöndunum, Hollandi og öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Þýðingarmikið er að læknar séu meðvitaðir um þessa þróun og haldi áfram vegferð okkar í átt að skynsamlegri ávísun sýklalyfja. Í því sambandi má minna á ráðleggingar um meðferð algengra sýkinga utan sjúkrahúsa (Strama) á heimasíðu Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu (throunarmidstod.is/).

Einungis með samstilltu átaki allra lækna mun okkur takast að viðhalda góðum árangri þegar kemur að skynsamlegum ávísunum sýklalyfja.

Heimildir

1. Folkhälsomyndigheten. Pandemin har påverkat både antibiotikaförsäljningen och antibiotikaresistensen. [folkhalsomyndigheten.se/nyheter-och-press/nyhetsarkiv/2022/juni/pandemin-har-paverkat-bade-anti-biotikaforsaljningen-och-antibiotikaresistensen-juni-2022](https://www.folkhalsomyndigheten.se/nyheter-och-press/nyhetsarkiv/2022/juni/pandemin-har-paverkat-bade-anti-biotikaforsaljningen-och-antibiotikaresistensen-juni-2022).
2. Högberg LD, Vlahović-Palčevski V, Pereira C, et al. Decrease in community antibiotic consumption during the COVID-19 pandemic, EU/EEA, 2020. *Euro Surveill* 2021; 26: 2101020.
3. Halldórsdóttir AM, Guðnason P. Bréf til blaðsins. Vitundarvakning um sýklalyfjanotkun – viðhöldum góðum árangri. *Læknablaðið* 2021; 107: 549-50.
4. Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi baktería hjá mönnum og dýrum á Íslandi 2021. Skýrsla unnin í samstarfi við Matvælastofnun. Ritstj: Halldórsdóttir AM. landlaeknir.is/utgefing-efni/skjal/item/50329/ - september 2022.



Ávísanir sýklalyfja (J01, samkvæmt ATC-flokkunarkerfinu, sjá Sérlyfjaskrá) utan sjúkrahúsa árin 2017-2022 eftir mánuðum, mældar sem fjöldi skilgreindra dagsskammta (DDD) á 1000 íbúa á dag (DID).